

Reykjavíkurborg  
B.t. Einars Þorsteinssonar, borgarstjóra  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2025  
Tilv.:23082087

**Efni: Tilmæli Samgöngustofu vegna hindrana sem brjóta í bága við Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar**

Samgöngustofa vísar í fyrri samskipti við Reykjavíkurborg í tengslum við frávik sem stofnunin auðkenndi þann 27. nóvember 2023 í rekstri Isavia Innanlandsflugvalla vegna hindrana (þ.e. trjágroðurs) í aðflugs- og flugtaksflötum Reykjavíkurflugvallar.

Á grundvelli 2. mgr. 149. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, gefur Samgöngustofa Reykjavíkurborg kost á að tryggja að hindranir (trjágroður í Öskjuhlíð) séu í samræmi við Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar. Í því skyni skal Reykjavíkurborg, eigi síðar en 17. febrúar 2025, senda Samgöngustofu staðfestingu þess efnis að gripið verði til viðeigandi ráðstafana.

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur lýst yfir að sú framkvæmd að fjarlægja hindranir sé tímafrek þar sem hún sé háð öðrum reglum sem borgin telur sig skuldbundna af, þá getur Samgöngustofa fallist á að staðfesting um framfylgni skipulagsreglna verði í formi aðgerðaráætlunar sem sýnir, með tímalínu, hvernig borgin muni uppfylla kröfur. Slík aðgerðaráætlun skal unnin í samstarfi við rekstraraðila flugvallarins, og taka mið af þörfum rekstraraðila og notenda flugvallarins til komandi ára. Slík aðgerðaráætlun getur einnig innihaldið tillögur um mildunarráðstafanir (t.d. að horft sé til annarra flata svo sem VSS) svo fremi sem þær ráðstafanir eru í samræmi við það regluverk sem um rekstur flugvallarins gilda og þær hafi verið lagðar fyrir Samgöngustofu til samþykktar. Reykjavíkurborg hefur á fundum með Samgöngustofu óskað eftir ítarlegri útlistun á því hvað þurfi að lágmarki til þess Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar séu uppfylltar, t.a.m. fjölda trjáa sem nauðsynlegt er að fella eða lækka. Samgöngustofa telur rétt að Reykjavíkurborg fái þær upplýsingar beint frá rekstraraðila flugvallarins sem byggja á nýjustu mælingum Svama frá október 2024.

Isavia Innanlandsflugvellir og Svami kynntu nýjar hæðarmælingar á trjágroðri í Öskjuhlíð á fundi sem haldinn var 4. desember 2024 fyrir Samgöngustofu og Reykjavíkurborg. Samhliða var aðilum send skýrsla Svama sem sýnir mælingar hindrana.

Eins og borgin hefur verið upplýst um þá hefur Samgöngustofa vísað því til Isavia Innanlandsflugvalla að gera tímabundnar breytingar á notkun flugbrauta 31 til lendinga og 13 til flugtaks sem Isavia Innanlandsflugvellir auðkenndi sem nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja flugöryggi í ljósi stöðu hindrana. Samgöngustofa mun leggja mat á framkvæmd þessarar breytingar í ljósi svars Reykjavíkurborgar við erindi þessu.


Samkvæmt 148. gr. laga um loftferðir er óheimilt að víkja frá hæðartakmörkunum eða öðrum takmörkunum á eignarétti, afnotum og nýtingu eigna sem kveðið er á um í skipulagsreglum flugvallar, án samþykkis Samgöngustofu. Þá kemur m.a. fram í 149. gr. loftferðarlaga að sé skipulagsreglum ekki hlítt er Samgöngustofu heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir

með atbeina lögreglu. Auk þess er vísað til Skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar sem sýna þau svæði, hindranafleti, sem um ræðir á og í nágrenni við flugvöllinn.

Samgöngustofa vekur athygli á því að þar til stofnunin hefur fengið upplýsingar um ásættanlega stöðu hindrana gagnvart hindranafötum, má búast við því að stofnunin veiti frekari fyrimæli um takmarkanir á notkun flugbrauta 13/31 til samræmis við þær tímabundnu breytingar sem rekstraraðili flugvallarins hefur verið falið að framkvæma.

Með vísan til þess sem að framan greinir er þess óskað að Reykjavíkurborg sendi Samgöngustofu, eigi síðar en 17. febrúar nk., umbeðna staðfestingu um að gripið verði til viðeigandi ráðstafana og aðgerðaráætlun sem unnin verður í samráði við Isavia Innanlandsflugelli verði skilað eigi síðar en 21. mars nk. Að öðrum kosti mun Samgöngustofa skoða þær lögbundnu heimildir sem kveðið er á um í lögum um loftferðir.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Jónsson  
forstjóri

Afrit: Isavia Innanlandsflugvellir ehf., Reykjavíkurflugvöllur